

Stuðningur í námi, sérkennsla, sérúrræði

Þegar nemandi byrjar í Tjarnarskóla hefur hann átt sína skólagöngu fram að því í öðrum skóla. Það gefur því auga leið að staða hvers og eins er ólík. Við leggjum okkur fram um að kynnast nemandanum, sterkum/veikum hliðum hans og skipuleggja síðan nám og kennslu í samræmi við forsendur hvers og eins. **Því má segja að hver nemandi fái sín sérúrræði.** Í hverjum bekk eru því nemendur gjarnan með ólík viðfangsefni og í lok hverrar annar (3. annir) tekur nemandi próf úr því námsefni sem hann hefur verið með á önninni. Það námsefni er breytilegt frá einum nemanda til annars í mörgum námsgreinum. Í sumum námsgreinum fylgjast þó allir að s.s. í mannrækt (lífsleikni).

Þeir nemendur sem eru afkastamiklir og fara hratt yfir námsefnið hafa tekið fjarnámsáfangu þegar þeir hafa lokið grunnskólanámsefni í tiltekinni grein. Ef nemandi á hins vegar erfitt uppdráttar er leitast við að finna úrræði sem hentar honum. Allir kennarar vinna náið saman og taka sameiginlegar ákvarðanir um úrræði fyrir hvern og einn. Þau úrræði felast einkum í eftirfarandi:

- Leitast er við að nemandinn fái námsefni við hæfi og þau hjálpartæki sem tiltæk eru hverju sinni.
- Persónulegri aðstoð kennara/sérkennara; ýmist inni í kennslustofu, eða utan hennar.
- Þjónustu frá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða/aðkeyptri þjónustu, s.s. greiningu, þjónustu talmeinafræðings, lestrargreiningu, listmeðferð, þjálfun í félagslegri færni, styrkingu sjálfsmyndar, þjálfun í einstökum námsgreinum, leiðsögn í mannlegum samskiptum og þannig má lengi telja.

Kennarar skólans annast gjarnan þessa einstaklingsþjónustu en einn stuðningskennari hefur að jafnaði veg og vanda að viðbótarúræðum gagnvart einstökum nemendum. Helga Júlía Vilhjálmisdóttir helgajuliav@gmail.com hefur forystu um þennan þátt skólastarfsins í vetur. Foreldrar eru nánir samstarfsmenn og eru ávallt upplýstir um úrræði og gang mála. Umsjónarkennari sér um að veita þær upplýsingar með skipulögðum hætti. (umsjónarkennarapóstum /símtölum/fundum). Í sumum tilfellum eru gerðar einstaklingsáætlanir fyrir nemandann í samráði við foreldra.



Atvinnutengt nám

Í einhverjum tilefellum hafa nemendur fengið tækifæri til þess að taka þátt í hinu svo nefnda „atvinnutengda námi“. Í því felst að nemandinn fær að vera á vinnustað, t.d. bifvélaverkstæði eða leikskóla í tiltekinn tíma á viku, inni í stundaskrá. Með þessum hætti hefur þjálfun í að vera hluti af vinnustað, æfa sig í að taka þátt í ákveðnum verkefnum og samskiptum, eftir viðkomandi í að undirbúa sig undir viðfangsefni framtíðarinnar.

Sjúkrakennsla

Ef sú staða kemur upp að nemandi geti ekki sótt skóla vegna langvinnra veikinda skipuleggja kennarar og skólastjóri sjúkrakennslu fyrir nemandann í samvinnu við foreldri/forráðamann. Sjúkrakennslan felst í því að kennari fer heim til nemandans og aðstoðar við námið og nýtir einnig tölvupósta/netmiðla til þess að styðja við námið í samræmi við heilsu og aðstæður nemandans hverju sinni.